

Garður á einni nóttu

Mundir þú taka þeirri áskorun að búa til garð á einni nóttu?

Málefni	Umhverfismál, borgaravitund, heilbrigði
Þyngdarstig	Stig 3
Hópstærð	6+
Tími	180 mínútur
Yfirlit	Þetta er skapandi verkefni þar sem bæði er teiknað og búin til líkön til að kanna: <ul style="list-style-type: none"> • Hvaða öfl það eru sem knýja á um framfarir. • Hvernig staðbundnar framfarir mæta/mæta ekki þörfum íbúanna. • Hvernig ákvarðanir um framfarir eru teknar á hverjum stað.
Tengd réttindi	<ul style="list-style-type: none"> • Rétturinn til að taka þátt í ákvarðanaferlinu. • Rétturinn til þátttöku í menningarlífi samfélagsins. • Rétturinn til hvíldar og tómstunda.
Markmið	<ul style="list-style-type: none"> • Að átta sig á að framfarir eru ekki alltaf sjálfsgöður hlutur. • Að öðlast færni til að geta tekið þátt í lýðræðislegu samfélagi og framfarastarfi. • Að þroska sköpunargáfuna og virðingu fyrir öðrum, og öðlast hæfni til að taka þátt í hópvinnu og samstarfi.
Efniviður	<ul style="list-style-type: none"> • Kort og myndir af heimkynnum þínum (gamalt og nýtt efni). • Stækkað kort af umhverfinu sem sýnir tiltekinn stað. • Pennar og blöð til að gera uppdrætti. • Efniviður til að búa til líkön. Til dæmis litlir kassar, öskjur, pappírspurrkur, litir, snæri, ullargarn, korktappar, pappahólkar, álpappír, eggjabakkar og annað sem til fellur á heimilinu, litlar greinar, steinar, trjábörkur, skeljar o.s.frv. • Lím og límband. • Málning og penslar. • Pappaspjöld eða krossviður sem undirstaða fyrir líkönin.
Undirbúningur	<p>Fyrir 1. hluta. Framfarir – hvernig og hvers vegna</p> <ul style="list-style-type: none"> • Safnaðu saman gömlum og nýjum kortum og myndum af bænum eða svæðinu þar sem þú býrð. • Finndu staði sem hópurinn gæti notað sem viðfangsefni. Kannaðu hvort til stendur að hefja framkvæmdir í grennd við þá. <p>Fyrir 2. hluta. Gerð vinnuáætlunar:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Safnaðu upplýsingum um staðinn sem hópurinn hefur valið sér sem viðfangsefni, til dæmis blaðgreinum og fundargerðum frá sveitarstjórnarfundum. • Ef ætlunin er að búa til líkön úr einhverju „dóti“ skaltu gæta þess að nógu hafi verið safnað. Byrjaðu að safna litlum ílátum, pappahólkum úr salernisrúllum o.fl. nokkru áður en hafist er handa við verkefnið.

MÁLEFNI



UMHVERFISMÁL



BORGARAVITUND



HEILBRIGÐI

ÞYNGDARSTIG



STIG 3

HÓPSTÆRD



6+

TÍMI



180 MÍNÚTUR

Leiðbeiningar

Þetta verkefni er tvískipt: 1. hluti, „Framfarir – hvernig og hvers vegna“; þá fara fram umræður um þau öfl sem knýja fram breytingar. Í 2. hluta, „Gerð vinnuáætlunar“, vinna þátttakendur að þróunarverkefni á heimaslóðum sínum og búa til líkan.

1. hluti. Framfarir – hvernig og hvers vegna

1. Kynntu viðfangsefnið. Notaðu kort og myndir til að vekja umræður um það hvernig umhverfið hefur breyst á undanförunum 50 til 100 árum. Ræddu um þau pólitísku, efnahagslegu og félagslegu öfl sem liggja að baki breytingunum. Hafa þessar breytingar yfirleitt verið til batnaðar? Fyrir hverja og hvers vegna?
2. Segðu þátttakendum að nefna dæmi um framfarir sem átt hafa sér stað síðan þeir fæddust, svo sem viðbyggingar, verslanamiðstöðvar, íbúðabyggingar, og hverjir hafi notið góðs af þessum framförum og hvernig. Leystu til dæmis framkvæmdirnar úr brýnum húsnæðisvanda bæjarbúa eða voru þetta lúxusíbúðir eða orlofshús sem fjármögnunarfyrirtæki létu byggja í fjárfestingarskyni?
3. Skoðaðu stækkaða kortið af umhverfinu og veldu stað sem allir eru sammála um sem viðfangsefni.

2. hluti. Vinnuáætlun gerð

1. Stílltu kortinu upp til að sýna staðinn sem ákveðið hefur verið að nota sem viðfangsefni. Gakktu úr skugga um að allir þekki til staðarins og farðu með hópinn þangað í könnunarleiðangur, ef þörf krefur.
2. Farðu yfir þær áætlanir sem gerðar hafa verið um staðinn og lestu blaðgreinar og fundargerðir bæjaryfirvalda þar að lútandi. Ræddu hverjir það eru sem leggja fram tillögur og hvaða hagsmuna þeir eigi að gæta.
3. Fáðu þátttakendur til að koma með alls konar hugmyndir um hvernig nýta mætti staðinn (hugflæði). Láttu þá nota ímyndunaraflíð til fulls.
4. Skiptu nú þátttakendum niður í fjögurra til fimm manna hópa til að fara yfir hugmyndirnar og ræða stuttlega kosti þeirra og galla.
5. Næsta verkefni hópanna er að komast að samkomulagi um hvernig staðurinn eigi að vera, gera uppdrátt af honum og síðan líkan.
6. Þegar öll líkönin eru fullgerð skaltu biðja hvern hóp að kynna sitt líkan og gera grein fyrir áætlunum sínum.

Samantekt og mat

Í fyrstu skal skoða hvernig hópstarfið fór fram. Fannst öllum þeir taka þátt í því? Hvernig voru ákvarðanir teknar? Síðan skal ræða um áætlanirnar.

- Hver voru helstu umhugsunarefni þegar ákveðið var hvernig staðnum yrði breytt? Til dæmis kostnaður, tími, fyrirhöfn, ágóði, þarfir sveitarfélagsins – hvað?
- Voru áætlanirnar umhverfisvænar og íbúunum í hag – og sjálfbærar?
- Komu áætlanirnar til móts við þarfir allra á staðnum? Til dæmis fatlaðra einstaklinga, barna og minnihlutahópa?
- Hvaða úrræða er þörf til að hægt sé að hrinda áætluninni í framkvæmd?
- Var alltaf notað endurnýjanlegt efni þegar kostur var á?
- Var óendurnýjanlegt efni notað af varúð?
- Hvaða áhrif gæti verkefnið almennt haft á vistkerfið? Var til dæmis hlúð að náttúrulífi eða voru tré gróðursett?

Lykildagsetning

5. júní

Dagur umhverfisins

- Hvaða úrgangur yrði til við framkvæmd og viðhald verkefnisins? Hvernig fer losun á slíkum úrgangi fram?

Ábendingar til leiðbeinanda

Í þessu verkefni er gert ráð fyrir að þátttakendur búi í eða nálægt borgum eða bæjum. Staðurinn sem valinn er sem viðfangsefni er háður búsetu og viðkomandi hópi þátttakenda. Allir staðir koma til greina! Best er að hópurinn kanni aðstæður og taki svo ákvörðun. Við tiltekna aðstæður, svo sem í skólum, kann þó námskráin að valda því að kennarinn verði að annast valið.

Sem dæmi um framkvæmdir sem koma til greina á staðnum er verslunarmiðstöð, frístundaheimili, skóli, íbúðarhúsnæði, bílastæði, opið grænt svæði, leikvöllur, íþróttasvæði, fríðsæll blómagarður með bekkjum, húsdýragarður, náttúruverndarsvæði, skemmtigarður, golfvöllur o.s.frv. Hvetja ætti þátttakendur til að taka tillit til mismunandi þarfa íbúa á svæðinu.

Tilbrigði

Hægt er að velja ímyndaða framtíðarsýn. Hvað ætti til dæmis frekar að vera þar sem ráðhúsið, bæjarskrifstofurnar, sjúkrahúsið o.s.frv. er núna? Ef þátttakendur búa úti á landsbyggðinni mætti einnig velja því fyrir sér hvernig nýta mætti gamla gryfju eða malarnámu.

Tillögur um framhald

Þátttakendur geta leitað nánari upplýsinga um þær áætlanir sem ráðmenn hafa um staðinn sem valinn var sem viðfangsefni. Síðan geta þeir rætt þær og skrifað ráðamönnum eða ritstjórn staðarblaðsins bréf um álit sitt á þeim. Leita mætti upplýsinga um hvernig ákvarðanir um skipulag eru teknar. Hve mikil áhrif hafa íbúarnir á slíka ákvarðanatöku? Hvernig getur ungt fólk haft meiri áhrif á skipulagsákvarðanir sem snerta það? Ef þátttakendur vilja kanna nánar atriði sem varða ákvarðanatökur á viðkomandi stað má benda á verkefnið „Að kjósa eða sitja hjá?“ á bls. 69.

Hugmyndir um aðgerðir

Þátttakendur gætu mætt á fund hjá skipulagsnefnd og fengið að taka þátt í áætlanagerðinni.

Þeir geta tekið þátt í hátíðarhöldum á Alþjóðadegi umhverfisins. Upplýsingar um hátíðarhöld í tilefni alþjóðadags umhverfisins eru á slóðinni: www.unep.org

Nánari upplýsingar

Kveikjan að þessu verkefni var „Have på en nat“ (Garður á einni nóttu), sem var meðal dagskrárliða í Kaupmannahöfn þegar hún var menningarborg Evrópu árið 1996. Hópur ungmenna frá „Økologiske igangsættene“, samtökum um staðardagskrá 21, vann í tvö ár að undirbúningi þess að hægt yrði að búa til garð á niðurníddum stað í miðborginni – reyndar ekki á einni nóttu – heldur á fáeinum dögum. Ungmennin voru sammála um að koma upp almenningsgarði á þessu 300 fermetra svæði. Þau tileinkuðu sér ýmsa hagnýta kunnáttu, svo sem trésmíði, múrhleðslu og garðyrkju, og unnu allt undirbúningsstarf annars staðar, þannig að þegar stundin rynnir upp yrði hægt að koma upp garði á um það bil „einni nóttu“. Þarna var eitthvað fyrir alla, göngustígar liðuðust eftir grænum grasflötum og milli trjáþyrpinga, runna, blómabeða og grænmetisreita. Garðurinn fékk að vera þarna þar til borgarráð tók svæðið undir íbúðarhúsnæði í apríl 2001.